



**Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2007**

Landsnet hf.
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3	Eiginfjáryfirlit	7
Skýrsla stjórnar og forstjóra	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara um niðurstöður könnunar okkar, viljum við benda á skýringu 10 með árs hlutareikningnum, sem skýrir hvernig félagið hefur tekið upp alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Mögulegt er að fjárhæðir breytist frá árs hlutareikningnum þegar gengið verður frá ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 vegna breytinga sem kunna að verða á stöðlunum. Einnig viljum við benda á að samanburðartölur í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 eru byggðar á innanhúsuppgjöri félagsins og hafa ekki verið kannaðar af okkur.

Reykjavík, 8. ágúst 2007.

KPMG hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Tap varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 120 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok júní nam 5.265 milljónum króna að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 5.503 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til eiginfjárfirlits í árshlutareikningnum varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutafé í lok júní 2007 skiptist á þrjá hluthafa en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun.....	69,44%
RARIK ohf.....	24,15%
Orkubú Vestfjarða ohf.....	6,41%

Samandreginn árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árshlutareikninga, sem samþykktir voru af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB). Þetta er annar samandregni árshlutareikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nær yfir hluta af því tímabili sem fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt stöðlunum mun taka til. IFRS-staðli 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hefur verið beitt. Árshlutareikningurinn inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu félagsins og fjárhagsstöðu, en ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar til júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. ágúst 2007.

Stjórn:

Forstjóri

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur:			
Tekjur af raforkuflutningi	3	3.175.570	2.594.954
Aðrar tekjur		26.992	82.200
Rekstrartekjur alls		3.202.562	2.677.154
Rekstrargjöld:			
Orkukaup og kerfisþjónusta		594.370	392.323
Rekstur flutningskerfis		967.609	977.932
Kerfisstjórn		239.243	261.720
Annar rekstrarkostnaður		307.534	253.639
Rekstrargjöld alls		2.108.757	1.885.615
Rekstrarhagnaður		1.093.806	791.539
Fjármunatekjur		20.057	8.353
Fjármagnsgjöld		(1.259.957)	(2.000.653)
Hrein fjármagnsgjöld	5	(1.239.899)	(1.992.300)
Tap fyrir tekjuskatt		(146.094)	(1.200.761)
Tekjuskattur		26.282	0
Tap tímabilsins		(119.811)	(1.200.761)
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár		(0,02)	(0,22)

Skýringar nr. 1 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skýr.	30.6.2007	31.12.2006
Eignir			
Eignir			
Tengivirki	6	10.902.834	11.076.019
Háspennulínur	6	17.119.970	17.393.190
Aðrir fastafjármunir	6	1.894.931	1.850.191
Flutningsvirki í byggingu	6	11.547.952	9.833.104
Óefnislegar eignir	6	376.052	215.731
Eignarhlutir í félögum		47.000	32.000
Reiknuð skatteign		80.393	54.110
Fastafjármunir		<u>41.969.132</u>	<u>40.454.345</u>
Birgðir		324.069	328.216
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		441.282	748.501
Handbært fé		521.989	307.813
Veltufjármunir	2	<u>1.287.341</u>	<u>1.384.530</u>
Eignir samtals		<u>43.256.473</u>	<u>41.838.875</u>
Eigið fé			
Hlutafé		5.502.733	5.502.733
Ójafnað tap		(237.538)	(117.726)
Eigið fé		<u>5.265.195</u>	<u>5.385.006</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir við tengd félög	7	36.617.218	34.210.115
Langtímaskuldbindingar	8	433.767	420.441
Langtímaskuldir		<u>37.050.985</u>	<u>34.630.556</u>
Skuldir við tengd félög		476.716	934.791
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		463.577	888.522
Skammtímaskuldir		<u>940.293</u>	<u>1.823.313</u>
Skuldir samtals		<u>37.991.278</u>	<u>36.453.869</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>43.256.473</u>	<u>41.838.875</u>

Skýringar nr. 1 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 30. júní 2007

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 31. desember 2006:				
Eigið fé 31. desember 2005	5.502.733	12.037	108.331	5.623.101
Breytingar vegna IFRS			(66.804)	(66.804)
Eigið fé 1. janúar 2006, IFRS.....	5.502.733	12.037	41.527	5.556.297
Tap ársins.....			(171.291)	(171.291)
Lögbundnum varasjóði ráðstafað á móti tapi.....		(12.037)	12.037	0
Eigið fé 31. desember 2006, IFRS.....	5.502.733	0	(117.727)	5.385.006
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2007:				
Eigið fé 31. desember 2006	5.502.733	0	(53.112)	5.449.621
Breytingar vegna IFRS			(64.615)	(64.615)
Eigið fé 1. janúar 2007, IFRS.....	5.502.733	0	(117.727)	5.385.006
Tap tímabilsins.....			(119.811)	(119.811)
Eigið fé 30. júní 2007, IFRS.....	5.502.733	0	(237.538)	5.265.195

Skýringar nr. 1 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	2007	2006
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Innborganir frá viðskiptavinum		3.277.105	2.630.978
Greiddur rekstrarkostnaður	(1.669.927)	(1.323.931)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		1.607.179	1.307.047
Innborgaðar vaxtatekjur		20.057	8.353
Greidd vaxtagjöld	(955.348)	(326.796)
Handbært fé frá rekstri		671.887	988.604
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	(1.774.697)	(2.737.368)
Söluverð fastafjármuna		1.348	103.425
Keypt hlutabréf	(15.000)	0
Aðrar fjárfestingar	(267.193)	(29.335)
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, (lækkun)	(108.845)	(290.997)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.164.387)	(2.954.276)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við tengd félög, hækkun		1.706.675	2.135.619
Fjármögnunarhreyfingar		1.706.675	2.135.619
Hækkun á handbæru fé		214.176	169.947
Handbært fé í ársbyrjun		307.813	149.615
Handbært fé í lok tímabilsins		521.989	319.562

Skýringar nr. 1 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Krókhálsi 5c, Reykjavík. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynlegt til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins þar sem upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu koma fram.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árshlutareikninga, sem samþykktir voru af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB). Þetta er annar samandregni árshlutareikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nær yfir hluta af því tímabili sem fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt stöðlunum mun taka til. IFRS-staðli 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hefur verið beitt. Árshlutareikningurinn inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu félagsins og fjárhagsstöðu, en ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi.

Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu félagsins, afkomu og sjóðstreymi er að finna í skýringu 10. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu félagsins eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Tekið skal fram að samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi hafa ekki verið kannaðar af endurskoðanda.

Í skýringu 10 er gerð grein fyrir þeim áhrifum sem yfirfærsla í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur á fjárhagsstöðu, afkomu og sjóðstreymi samstæðunnar.

Undirbúningur árshlutareiknings í samræmi við IAS 34, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þessi mót og ályktanir þeim tengdar eru byggð á sögulegri reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við þessar kringumstæður og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki er auðvelt að finna með öðrum hætti. Raunverulegar niðurstöður kunna að víkja frá þessum mötum.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

b) Matsaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Verðtryggðar skuldir eru færðar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölu í lok tímabilsins. Vextir og áfallnar verðbætur skulda eru færðar í rekstrarreikninginn, en eignfærðar vegna flutningsvirkja í byggingu, sbr. skýringu 5.

c) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Skýringar, frh.:

d) *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags.

e) *Rekstrarfjármunir*

(i) *Fastaþjármunir í rekstri*

Fastaþjármunir í rekstri eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Kostnaðarverð eigna sem félagið hefur sjálft skapað innifelur efniskostnað, beinan launakostnað og annan beinan kostnað við að koma eignunum í tekjuöflunarhæft ástand með hliðsjón af væntri notkun þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru staðsettar.

Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma, þá eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega (sem hlutar af viðkomandi rekstrarfjármun).

(ii) *Aðrir fastaþjármunir*

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins. Flutningsvirki í byggingu eru aðallega tengivirki í Fljótsdal og Fljótsdalslína 3 og 4.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastaþjármuna, en ekki er eignfærður fjármagnskostnaður vegna þessa liðar. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í lið j.

(iii) *Leigðar eignir*

Leigusamningar félagsins eru rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur	50 ár
Aðrar eignir	4 - 50 ár

Skýringar, frh.:

f. *Reiknuð skatteign*

Reiknuð skatteign er færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun og eignfærslu á yfirfæranlegu tapi.

g. *Birgðir*

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegri starfsemi að frádragnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. *Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur*

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýmnunar. Engin virðisrýmnun er færð vegna viðskiptakrafna.

i. *Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

j. *Virðisrýmnun*

Bókfært verð eigna félagsins, annarra en birgða, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýmnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýmunartap er fært hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýmunartöp eru færð í rekstrarreikning.

(i) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð viðskiptakrafna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis. Aðrar skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni. Að því er varðar eignir sem ekki mynda verulega óháð innstreymi fjár er endurheimtanleg fjárhæð ákveðin fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

(ii) *Bakfærsla virðisrýmnunar*

Virðisrýmunartap af viðskiptakröfum sem félagið á er bakfært ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem á sér stað eftir að virðisrýmunartapið var fært.

Virðisrýmunartap annarra eigna er bakfært ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýmunartap er einungis bakfært að því marki sem bókfært verð eignarinnar er ekki umfram bókfært verð sem ákveðið hefði verið, að frádragnum afskriftum, ef ekkert virðisrýmunartap hefði verið fært.

Skýringar, frh.:

k. *Hlutafé*

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færðir til lækkunar á heildar eigin fé.

l. *Skuldbindingar*

Skuldbindingar eru færðar þegar félagið hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með áreiðanlegum hætti.

m. *Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir*

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

n. *Tekjur*

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

o. *Leigugreiðslur*

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum. Lágmarksleigugreiðslum af fjármögnunarleigusamningum er skipt í afborgun af leiguskuld annars vegar og fjármögnunarkostnað hins vegar, ef við á.

p. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánnum, verðbótum, vaxtatekjum, gengishagnaði og gengistapi. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

q. *Tekjuskattur*

Félagið var undanþegið tekjuskatti en í samræmi við lög nr. 50/2005 varð félagið skattskyldt frá og með 1. janúar 2006. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem færðir eru beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni.

3. **Rekstrartekjur**

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Orkuflutningur	2.050.552	1.720.549
Flutningstap og kerfisþjónusta	596.656	438.004
Innmötunargjald	528.362	436.401
	<hr/>	<hr/>
	3.175.570	2.594.954

Skýringar, frh.:

	2007	2006
4. Laun og launatengd gjöld	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	337.483	309.994
Launatengd gjöld	71.523	54.371
	<u>409.006</u>	<u>364.365</u>
5. Hrein fjármagnsgjöld		
Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	20.058	8.353
Vaxtagjöld	(1.133.117)	(572.977)
Verðbætur	(658.175)	(1.380.043)
Gengismunur	7.691	(47.633)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.783.601)</u>	<u>(2.000.653)</u>
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	523.644	0
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.239.899)</u>	<u>(1.992.300)</u>

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 10,11% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á tímabilinu.

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Fastafrjármunir í rekstri:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	11.506.249	18.036.270	1.940.096	31.482.615
Aukning á tímabilinu	44.111	15.738	98.861	158.710
Selt á tímabilinu	0	0	(1.479)	(1.479)
Heildarverð 30.6.2007	<u>11.550.360</u>	<u>18.052.008</u>	<u>2.037.478</u>	<u>31.639.846</u>
Afskrifað áður	430.230	643.080	89.905	1.163.215
Afskrifað nú	217.296	288.958	53.224	559.478
Selt á tímabilinu	0	0	(582)	(582)
Afskrifað samtals	<u>647.526</u>	<u>932.038</u>	<u>142.547</u>	<u>1.722.111</u>
Bókfært verð 30.6.2007	<u>10.902.834</u>	<u>17.119.970</u>	<u>1.894.931</u>	<u>29.917.735</u>

Skýringar, frh.:

Aðrar eignir:

	Óefnislegar eignir	Flutn.virki í byggingu	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	215.730	9.833.104	10.048.834
Aukning á tímabilinu	167.970	1.714.848	1.882.818
Afskriftir og virðisrýrnun á tímabilinu	(7.648)		(7.648)
Heildarverð 30.6.2007	376.052	11.547.952	11.924.004
Tekið í rekstur á tímabilinu	0	0	0
Bókfært verð 30.6.2007	376.052	11.547.952	11.924.004

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur tæpum 2,1 milljarði króna. Brunabótamat sömu eigna nemur um 2,7 milljörðum króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins nemur tæpum 20,3 milljörðum króna, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu eins og aðrar eignir. Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 53,5 milljarðar króna.

Langtímaskuldir

7. Langtímaskuldir greinast þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir 4,21%	28.917.218	28.259.043
Skuld við móðurfélag í íslenskum krónum, vextir Reibor auk álags	7.700.000	5.951.072
	36.617.218	34.210.115

Skuldabréfalánið er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Félagið hefur einnig gert lánasamning við móðurfélag sitt til eins árs með möguleika á framlengingu. Fyrir liggur að lánasamningnum verði framlengt.

Langtímaskuldbindingar

8. Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn af verkfræðistofu sem síðan hefur verið núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning eru færðar til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

Skýringar, frh.:

Önnur mál

9. Félagið er aðili að tveimur matsmálum sem rekin eru fyrir Héraðsdómi Austurlands. Matsmálin tengjast fjárhæð eignarnámsbóta vegna framkvæmda við Fljótsdalslínur 3 og 4 en félagið undi ekki niðurstöðum matsnefndar eignarnámsbóta. Í júnílok hefur Landsnet hf. greitt viðkomandi landeigendum hluta þeirrar fjárhæðar sem matsnefnd eignarnámsbóta taldi að félagið skyldi greiða. Ekki liggur fyrir hvort um viðbótargreiðslur verður að ræða eða mögulega fjárhæð þeirra.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

10. Eins og tekið var fram í skýringu 2(a) um reikningsskilaaðferðir, þá er þetta annar árshlutareikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu félagsins. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Breytingar á eigið fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla:

	Eigið fé
Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006	5.449.621
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007	5.385.006
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla	(64.615)

Breytingar á mati í byrjun árs 2006:

Niðurrifskostnaður háspennulína	IAS 16	397.222
Óefnislegar eignir	IAS 38	(81.468)
Aðrar skuldir	IAS 16	(397.222)
Reiknuð skatteign	IAS 12	14.664
Samtals breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla 1. janúar 2006		(66.804)

Breytingar á árinu 2006:

Afskriftir niðurrifskostnaðar og hækkun skuldbindingar	IAS 16	(38.064)
Virðisrýrnun, lækkun		40.734
Tekjuskattsáhrif	IAS 12	(481)
Samtals breytingar 2006		2.189

Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla (64.615)

Í samræmi við IAS 16 hefur áætlaður núvirtur kostnaður við niðurrif flutningsvirkja verið færður annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem langtímaskuldbinding í efnahagsreikningi.

Við innleiðingu á stöðlunum var farið yfir eignfærslu óefnislegra eigna með tilliti til IAS 38. Áhrif til lækkunar á eigið fé eru 81 milljón króna.

Heildaráhrif yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé er lækkun um 64,6 millj. kr. Hér á eftir er farið yfir áhrifin af þessum nýju reikningsskilaaðferðum á rekstrar- og efnahagsreikning.

Skýringar, frh.:

10. frh.:

Frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um áhrif yfirfærslunnar yfir í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur 1. jan. til 30. júní 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í IFRS

	Fyrri reglur	Matsbr.	Breyting á framsetn.	
Fyrri reikningsskilaaðferðir				Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Afskriftir niðurrifskostnaðar.....	0	7.422		7.422
Hækkun skuldbindingar.....	0	11.861		11.861
Tekjuskattur.....	0			0
Breyting á rekstrarreikningi	0	19.283	0	19.283
				Reiknað í ársuppgjöri
				Breyting á rekstrarreikningi

Efnahagsreikningur, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Fyrri reikningsskilaaðferðir 31. desember 2006	Fyrri reglur	Matsbr.	Breyting á framsetn.		Alþjóðlegir reikningsskila- staðlar 1. janúar 2007
Rekstrarfjármunir.....	0	382.377	(36.542)	345.835	Rekstrarfjármunir
Óefnislegar eignir.....	81.468	(40.734)	36.542	77.276	Óefnislegar eignir
Reiknuð skatteign.....	0	14.183		14.183	Reiknuð skatteign
Eignir samtals	81.468	355.826	0	437.295	Eignir samtals
Aðrar skuldbindingar.....	0	420.441		420.441	Aðrar skuldbindingar
Eigið fé.....	81.468	(64.615)		16.853	Eigið fé
Eigið fé og skuldir samtals	81.468	355.826	0	437.295	Eigið fé og skuldir samtals